

Skólaleikrit

SVÍNAHIRÐIRINN

Leikrit byggt á samnefndu ævintýri eftir H.C. Andersen

Miðstig

ÞÓRUNN PÁLSDÓTTIR



NÁMSGAGNASTOFNUN
2012

Persónur:

1. SÖGUMAÐUR

2. SÖGUMAÐUR

KÓNGSSONUR

KEISARADÓTTIR

1. HIRÐMEY

2. HIRÐMEY

3. HIRÐMEY

KEISARINN

1. HIRÐMAÐUR OG VARÐMAÐUR KEISARA

2. HIRÐMAÐUR

1. SÖGUMAÐUR:

Einu sinni var fátækur kóngssonur. Hann átti kóngsríki, sem var ofurlítið.

2. SÖGUMAÐUR:

Hann var frægur víða um lönd og nú vildi hann gifta sig og hann þorði að segja: „Viltu mig? við sjálfa keisaradótturina.

Nú skulum við heyra.

LJÓS á hliðarsvið.

1. þáttur

(Fyrir utan höll keisaradóttur. KÓNGSSONUR og HIRÐMENN hans standa á hliðarpalli. Kóngssonur heldur á öskju í annarri hendi, í hinn heldur hann á fuglabúri sem er með yfirbreiðslu.)

KÓNGSSONUR:

Hirðmenn, hér er ég með rós sem ég hef tekið af rósatré sem er á leiði föður míns sáluga. Rósin ilmar svo sætt og ef maður þefar af henni, þá gleymir maður öllum sorgum og áhyggjum. *(Opnar öskjuna og sýnir hirðmönnum rósina.)*

1. og 2. HIRÐMAÐUR

(þefa af rósinni): Mmmm, yndislegur ilmur.

KÓNGSSONUR:

Í þessu fuglabúri er næturgali sem syngur mjög fallega.

Ég ætla að biðja ykkur um að færa keisaradóttur þessar gjafir frá mér. *(1. HIRÐMAÐUR tekur rósina en 2. HIRÐMAÐUR tekur við búrinu.)*

1. og 2. HIRÐMAÐUR

(taka við gjöfunum og fara): Skal gert, herra.

TÓNLIST

2. þáttur

(Í hallarsal. KEISARADÓTTIR og HIRÐMEYJAR eru í síðastaleik. Þær hlæja og hlaupa um.)

(KEISARINN kemur inn ásamt HIRÐMÖNNUM konungs sem eru með gjafirnar.)

KEISARINN:

Kæra dóttir, kóngssonur nokkur sendir þér gjafir. Hann vill fá að koma fram fyrir dóttur mína og biðja um hönd hennar.

KEISARADÓTTIR:

Ó, en gaman, gjafir. Ég er svo spennt. *(Hún klappar saman lófum.)* Ég vona að það sé lítil kisa. *(1. HIRÐMAÐUR opnar öskjuna. KEISARADÓTTIRIN, KEISARINN OG HIRÐMEYJARNAR horfa á rósina í öskjunni.)*

1. HIRÐMEY:

En hvað hún er snoturlega gerð.

2. HIRÐMEY:

Já, hún er snoturlega gerð.

3. HIRÐMEY:

Mikið er hún snotur.

KEISARINN:

Hún er meira en snotur, hún er fögur.

KEISARADÓTTIR

(tekur við öskjunni og skoðar rósina. Setur upp fýlusvip): Oj, pabbi. Hún er ekki búin til, hún er náttúruleg.

KEISARINN:

Við skulum skoða hvað er í hinum pakkanum áður en við reiðumst.

HIRÐMAÐUR 2

(kemur fram og sýnir búrið. Lyftir aðeins upp klæðinu sem er yfir búrinu og heyrir þá fallegur fuglasöngur.)

FUGLASÖNGUR

1. HIRÐMEY:

Ágætt!!

2. HIRÐMEY:

Fyrirtak!!

3. HIRÐMEY:

Indælt!!

KEISARINN:

Dásamlegt. (*Tárast af hrifningu.*)

KEISARADÓTTIR

(*með hroka*): Ég vona þó að hann sé ekki náttúrulegur.

HIRÐMAÐUR 2:

Jú, hann er náttúrulegur.

KEISARADÓTTIR

(*þóttafull*): Farið með hann. Það er ekkert varið í þessar gjafir. Ég tek ekki á móti þessum kóngssyni.

KEISARINN:

Hann er víst frægur víða um lönd. Hann er sagður vera farsæll og hugrakkur kóngssonur.

KÓNGSDÓTTIR:

Mér er alveg sama. Ég vil hann ekki.

TJALDIÐ

3. þáttur

(KÓNGSSONUR kemur inn á hliðarpall og HIRÐMENNIRNIR tveir koma inn á móti honum og eru með gjafirnar.)

1. HIRÐMAÐUR:

Herra, keisaradóttirin vildi ekki þiggja gjafir yðar og leyfir þér ekki að ná tali af sér.

KÓNGSSONUR:

Ja hérna. *(Hugsar sig um.)* Jæja, ég finn ráð við því. Keisaradóttir skal ekki komast upp með svona framkomu. Ég skal ná til hennar með einhverju móti. *(KÓNGSSONUR fer út.)*

1. SÖGUMAÐUR:

Kóngssonur málaði sig nú í framan með mórauðum og svörtum lit og klæddi sig í fátækleg föt. Hann barði á dyr hallarinnar.

TÓNLIST

4. þáttur.

(Í hallarsal. KEISARINN situr í háseti sínu. VARÐMAÐUR kemur inn.)

VARÐMAÐUR:

Yðar hátign. Fátækur piltur vill ná tali af yður.

KEISARINN:

Látið hann koma.

(VARÐMAÐUR fer út og kemur með töttrum klædda KÓNGSSONINN.)

KÓNGSSONUR

(hneigir sig djúpt): Góðan daginn, keisari. Gæti ég fengið vinnu hér í höllinni?

KEISARINN:

Það eru nú svo margir sem sækja um en látum okkur sjá. *(Hugsar sig um.)* Ég þarf á pilti að halda sem getur gætt svínanna því að við höfum svo mikið af þeim.

KÓNSSONUR:

Mér líst vel á það. Takk fyrir, keisari góður. *(Hneigir sig djúpt og fer.)*

TJALDIÐ

5. þáttur

2. SÖGUMAÐUR:

Kóngssonur fékk nú það embætti að vera keisaralegur svínahirðir.

1. SÖGUMAÐUR:

Til húsaskjólts var honum fengin léleg kytra niðri við svínastíuna og þar varð hann að kúra.

LJÓS á kytru.

(KÓNGSSONUR er í kytru sinni og hengir glingur á pott.)

2. SÖGUMAÐUR:

Kóngssonur sat nú allan daginn við vinnu og þegar kvöld var komið var hann búinn að smíða dálítinn pott sem var með bjöllum allan hringinn og jafnskjótt sem sauð í honum þá klingdu þær svo fagurt og léku sama gamla lagið: „Æ, minn kæri Ágústín!“

TÓNLIST (POTTUR)

Æ, minn kæri Ágústín, Ágústín, Ágústín.

Æ, minn kæri Ágústín,

allt horfið burt, allt horfið burt.

(Sungið við lagið „Það er gaman að vera saman.“)

(KEISARADÓTTIR OG HIRÐMEYJAR koma inn á hliðarsvið og ganga í átt að kytru svínahirðisins og heyra sönginn.)

(KEISARADÓTTIR klappar saman lófunum.)

KEISARADÓTTIR:

En gaman, þetta er einmitt lagið sem ég kann.

KEISARADÓTTIRIN OG HIRÐMEYJARNAR

(mynda hring og syngja og dansa):

Æ, minn kæri Ágústín, Ágústín, Ágústín.

Æ, minn kæri Ágústín,

allt horfið burt, allt horfið burt.

KEISARADÓTTIR:

Þetta hlýtur að vera menntaður svínahirðir. Fyrsta hirðmey, farðu til hans og spurðu hvað hljóðfærið kosti.

1. HIRÐMEY:

Oj bara. Á ég að fara inn í svínastíuna?

2. HIRÐMEY:

Hér eru stígvél. Farðu í þau.

3. HIRÐMEY:

Oj, aumingja þú.

1. HIRÐMEY

(fer inn í kytruna til KÓNGSSONAR):

Svínahirðir, hvað kostar þessi pottur?

SVÍNAHIRÐIRINN:

Tíu kossa hjá keisaradóttur.

1. HIRÐMEY

Ó, guð minn góður!

SVÍNAHIRÐIRINN:

Já, það getur nú ekki verið minna.

(1. HIRÐMEY fer út og gengur aftur til KEISARADÓTTURINNAR.)

KEISARADÓTTIR:

Nú, nú, hvað segir hann?

1. HIRÐMEY

(miður sín): Ég get ekki fengið af mér að segja það. Það er svo ljótt.

KEISARADÓTTIR:

Dú getur hvíslað því að mér. *(HIRÐMEYJAN hvíslar að henni.)*

(KEISARADÓTTIR hrekkur við og hryllir sig): Ekki nema það þó, hann er dónalegur.

TÓNLIST (POTTUR)

Æ, minn kæri Ágústín, Ágústín, Ágústín.

Æ, minn kæri Ágústín,

allt horfið burt, allt horfið burt.

(Hún ætlar að ganga út en heyrir þá pottinn spila og snýr sér að 2. HIRÐMEY.)

KEISARADÓTTIR:

Önnur hirðmey, spurðu hvort hann vilji 10 kossa hjá hirðmeyjum mínum.

(2. HIRÐMEY fær stígvélin lánuð hjá 1. HIRÐMEY og fer inn í kytru SVÍNAHIRÐISINS.)

2. HIRÐMEY:

Viltu fá 10 kossa hjá hirðmeyjunum?

SVÍNAHIRÐIRINN:

Nei, takk. Ég vil fá tíu kossa hjá keisaradótturinni, annars fær hún ekki pottinn.

(Önnur HIRÐMEY kemur aftur til KEISARADÓTTUR.)

KEISARADÓTTIR:

Jæja, hvað sagði hann?

2. HIRÐMEY:

Hann sagði að það verði að vera keisaradóttirin.

KEISARADÓTTIR:

Það er hundleiðinlegt. En þið verðið þá að standa fyrir á meðan svo enginn sjái.

(KÓNGSSONUR (SVÍNAHIRÐIRINN) kemur nú fram og KEISARADÓTTIRIN stillir sér upp með lokuð augun og réttir kinnina fram. SVÍNAHIRÐIRINN stendur við hliðina á henni og HIRÐMEYJARNAR mynda skjólvegg fyrir framan þau. Þær telja svo hátt upp á tíu í kór.)

HIRÐMEYJAR

(telja hátt): Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex, sjö, átta, níu, tíu.

KEISARADÓTTIR:

Láttu mig nú hafa pottinn. Ég er búin að borga fyrir hann.

KÓNGSSONUR (SVÍNAHIRÐIRINN)

(nær í pottinn og lætur keisaradóttur fá hann): Gjörðu svo vel.

KEISARADÓTTIR

(við hirðmeyjarnar): Þið megið engum segja frá þessu, því ég er dóttir keisarans.

HIRÐMEYJAR:

Nei, við lofum því.

TÓNLIST (POTTURINN)

Æ, minn kæri Ágústín, Ágústín, Ágústín.

Æ, minn kæri Ágústín,

allt horfið burt, allt horfið burt.

(KEISARADÓTTIR OG HIRÐMEYJARNAR þrjár hoppa trallandi og syngjandi út.)

6. þáttur

1. SÖGUMAÐUR:

Nú er að segja frá svínahirðinum eða réttara sagt kóngssyninum – en ekki vissu þær betur en að hann væri óbreyttur svínahirðir – hann lét ekki svo daginn líða að hann hefði ekki eitthvað fyrir stafni – og nú smíðaði hann hrossabrest.

2. SÖGUMAÐUR:

Þegar hann sneri honum hljómuðu allir þeir valsar, hopsar og polkar, sem þekktir voru frá fyrstu sköpun heimsins.

HLJÓÐ Í HROSSABRESTI

(KEISARADÓTTIR OG HIRÐMEYJARNAR ÞRJÁR koma spásserandi inn.)

KEISARADÓTTIR:

En hvað þetta er flott tónlist. Heyrðu, þriðja hirðmey, farðu inn og spurðu hvað hljóðfærið kosti; en ekki kyssi ég aftur.

3. HIRÐMEY:

Oj barasta. Ég verð að vera í stígvélum. *(Hún nær í stígvél og fer inn til SVÍNAHIRÐISINS.)* Hvað kostar hljóðfærið, svínahirðir? Keisaradóttirin vill kaupa það.

KÓNGSSONUR(SVÍNAHIRÐIR):

Hundrað kossa vil ég fá hjá keisaradóttur.

3. HIRÐMEY

(fórnar höndum): Hundrað kossa! Ó, guð minn góður. Hún mun aldrei fallast á það.

KÓNGSSONUR (SVÍNAHIRÐIR):

Þá fær hún ekki hljóðfærið.

(3. HIRÐMEY fer til KEISARADÓTTUR og hvíslar í eyra hennar.)

KEISARADÓTTIR:

Á ég að kyssa hann hundrað kossa? Er hann vitlaus!! Segðu honum að hann skuli fá tíu kossa eins og í gær; það sem á vantar getur hann fengið hjá hirðmeyjum mínum.

HIRÐMEYJARNAR ÞRJÁR:

Nei takk, það gerum við ekki.

KEISARADÓTTIRIN:

Hvaða vitleysa, þegar ég kyssi hann, þá getið þið gert það líka. Minnst þess að þið eruð í minni þjónustu og ég borga ykkur laun fyrir það.

(1. HIRÐMEY fer til KÓNGSSONAR).

1. HIRÐMEY:

Keisaradóttir segir að þú fái tíu kossa fyrir hljóðfærið og það sem á vantar eigum við hirðmeyjar að sjá um.

KÓNGSSONUR:

Hundrað kossa vil ég hafa hjá keisaradótturinni eða ekkert verður af kaupunum.

(KÓNGSSONUR fer til KEISARADÓTTUR. Hún réttir kinnina fram, HIRÐMEYJARNAR raða sér upp fyrir framan þau og byrja að telja).

(KEISARINN kemur fram á hliðarpall).

KEISARINN:

Hvaða hávaði er þetta frá svínastíunni. *(Hann setur upp gleraugu.)* Nú, það eru hirðmeyjarnar sem eru þarna að ólátast. Ég verð víst að fara ofan til þeirra.

1. SÖGUMAÐUR:

Þegar keisarinn nálgadist hirðmeyjarnar læddist hann hljóðlega en þær áttu svo annríkt með að telja kossana.

2. SÖGUMAÐUR:

Til þess að allt yrði rétt varð að gæta þess að svínahirðirinn fengi ekki of marga og ekki heldur of fáa kossa.

1. SÖGUMAÐUR:

Þær urðu því ekki varar við keisarann. Hann tyllti sér á tá.

(HIRÐMEYJARNAR telja á fullu.)

KEISARINN:

Hvað er þetta!

(HIRÐMEYJARNAR hætta að telja og hrökkva frá KEISARADÓTTUR OG KÓNGSSYNI.)

(KEISARINN fer úr inniskónum og lemur þau í höfuðið með honum.)

KEISARINN:

Snáfið burt úr ríki mínu, bæði tvö.

KEISARADÓTTIR:

Pabbi, hvernig geturðu rekið mig í burtu frá þér?

KEISARINN:

Þú ert ekki dóttir mín lengur. Keisaradóttir kyssir ekki svínahirði.

KEISARADÓTTIR:

Ég lofa því að gera það aldrei aftur.

KEISARINN:

Farðu burt, stelpuafmán. Hirðmenn, farið með þau.

*(HIRÐMENNIRNIR taka KEISARADÓTTUR OG KÓNGSSON og leiða þau burt.
KEISARADÓTTIR mótmælir hástöfum og berst á móti.)*

KEISARADÓTTIR:

Sleppið mér! Látið mig vera! Ég hef ekkert gert!

(KEISARINN fer út.)

TÓNLIST

7. þáttur

2. SÖGUMAÐUR:

Þarna stóð keisaradóttirin nú grátandi og svínahirðirinn skammaði hana og hellirigning dundi niður úr lofti.

(KÓNGSSONUR (SVÍNAHIRÐIR) OG KEISARADÓTTIR koma fram á pallinn rennblaut.)

KEISARADÓTTIR:

Æ, aumingja ég. *(Grætur.)* Ó, að ég hefði bara tekið fríða kóngssyninum. Æ, hvílík ógæfa. *(Grætur hástöfum.)*

1.SÖGUMAÐUR:

Svínahirðirinn gekk bak við tré og þurrkaði svarta og mórauða litinn af andliti sínu og varpaði af sér vondu flíkunum.

2. SÖGUMAÐUR:

Hann gekk nú fram í kóngssonarskarti sínu og var nú svo fríður ásýndum að keisaradóttirin varð ósjálfrátt að hneigja sig fyrir honum.

TÓNLIST *(hátíðleg)*

(KÓNGSSONUR kemur til KÓNGSDÓTTUR. Hún hneigir sig fyrir honum.)

KÓNGSSONUR:

Ég er búinn að fá á þér fyrirlitningu. Þú vildir ekki eiga ærlegan kóngsson. Þú kunnir ekki að meta rósina og næturgalann en svínahirðinn gastu kysst fyrir dót og drasl. Þetta er mátulegt á þig.

(KÓNGSSONUR fer.)

1. SÖGUMAÐUR:

Kóngssonur gekk nú inn í kóngsríki sitt, skellti aftur dyrunum og skaut fyrir loku. *(Hurðaskellur og smellur.)*

2. SÖGUMAÐUR:

Keisaradóttir stóð nú fyrir utan og söng ...

KEISARADÓTTIR

(syngur með grátstafinn í kverkum og réttir hendur fram):

Æ, minn kæri Ágústín, Ágústín, Ágústín!

Æ, minn kæri Ágústín,

allt horfið burt.

Allt horfið burt.

(Hægt.)

Allt *(snöktir)* horfið burt.

(Allir leikendur og tæknimenn koma fram og syngja fjörlega.)

ALLIR:

Æ, minn kæri Ágústín, Ágústín, Ágústín!
Æ, minn kæri Ágústín.
Allt horfið burt,
allt horfið burt.

HIRÐMEYJAR:

Gleymum allri sorg og sút, sorg og sút, sorg og sút.
Gleymum allri sorg og sút!
Sól rís á ný,
sól rís á ný.

(Vísan endurtekin og allir taka undir.)

TJALDIÐ